

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 108/2004

frá 9. júlí 2004

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2004 frá 8. júní 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 415/2004 frá 5. mars 2004 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 56n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002), fyrsta undirlið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002) liðar 55c (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94), 56. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 613/91) og liðar 56m (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002) og þriðja undirlið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002) liðar 56c (reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32004 R 0415:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 415/2004 frá 5. mars 2004 (Stjtið. ESB L 68, 6.3.2004, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 415/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. júlí 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 349, 25.11.2004, bls. 36 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 25.11.2004, p. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 68, 6.3.2004, bls. 10.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann